



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### ***Efni tillögu: Boð til íbúa herbergjasambýlis í austurborginni um aðra búsetu***

Lagt er til að íbúum á herbergjasambýli í austurborginni auk eins íbúa annars herbergjasambýlis í austurborg verði boðin búseta í nýjum íbúðakjarna í miðborginni fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir í þjónustuflokki II. Heildarrekstarkostnaður hins nýja íbúðakjarna er áætlaður um 153,4 m.kr. á ári, sem rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

### **Greinargerð:**

Umrætt herbergjasambýli í austurborginni var stofnað árið 1992 og er í þjónustuflokki II. Húsnæðið er á tveimur hæðum og einkarými íbúa er lítið en þeir deila eldhúsi, baðherbergisaðstöðu og stofu.

Við yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 voru herbergjasambýli á vegum velferðarsviðs sextán talsins en þau eru nú níu. Öll tækifæri sem gefist hafa, hafa verið nýtt til að bjóða íbúum herbergjasambýla annars konar búsetu, samanber ákvæði í þingsályktunartillögum og bráðabirgðaákvæði í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, sem og á grundvelli tíu ára áætlunar velferðarsviðs um niðurlagningu herbergjasambýla í áföngum sem samþykkt var samhljóða í velferðarráði 18. maí 2017.

Félagsbústaðir eiga húsnæðið í miðborginni sem komið er í mikla viðhaldspörf og því ekki hægt að úthluta í íbúðir sem þar hafa losnað. Það er talið skynsamlegt að breyta notkun húsnæðisins úr almennum félagslegum íbúðum í húsnæði fyrir fatlað fólk þar sem um einstaklingsíbúðir er að ræða. Einstaklingum sem búa í dag í húsnæðinu í miðborginni verður boðinn milliflutningur. Íbúðakjarninn, sem verður á þjónustusvæði þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, er ætlaður fyrir 7 íbúa með einni þjónustuíbúð/starfsmannaíbúð. Auk þess er ætlunin að starfsmenn kjarnans veiti stuðning til þriggja íbúa sem búa í húsinu og þurfa stuðning við athafnir daglegs lífs.

Rekstur herbergjasambýlisins í austurborginni, sem lagt verður niður ef tillagan nær fram að ganga, er áætlaður 123,6 m.kr. árið 2021 fyrir 6 íbúa en af því er húsnæðiskostnaður 1,1 m.kr. á ári. Sjöunda íbúanum, sem fengi boð um búsetu í hinum

nýja kjarna í miðborginni, myndu fylgja 29,81 m.kr. í reksturinn frá því herbergjasambýli sem hann býr á í dag. Heildarrekstarkostnaður hins nýja íbúðakjarna yrði 153,4 m.kr. m.v. tölur fyrir árið 2021 en þess ber að geta að kjarninn tæki til starfa í kringum áramót 2021/2022 ef tillagan gengur eftir. Ekki er því þörf á viðbótarrekstrarfjármagni vegna þessarar tillögu.

Fylgiskjal:  
Jafnréttisskimun, dags. 11. ágúst 2021